

## Lög

Nr. 40.

26. okt.

um

bráðabirgðahækkun á burðargjaldi.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Burðargjöld þau öll og ábyrgðargjöld innanlands með póstum og póstskipum, sem ræðir um í póstlögum 16. nóv. 1907, hækka um helming (100 %). Þó skulu blöð og tímarit undanþegin þessari hækkun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Sigurður Jónsson.